

**Ed.**

**194. Frumvarp til laga**

[107. mál]

um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

**1. gr.**

2. málslíður 1. málsgreinar 38. greinar laganna breytist þannig, að í stað orðanna „skal sæta varðhaldi eða fangelsi nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða“ komi: skal, ef um ítrekað brot er að ræða, sæta varðhaldi eða fangelsi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Svo er mælt fyrir í 2. málslíðu 1. málsgr. 38. greinar bifreiðalaganna, að hver sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið, eftir að hann hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, misnotar merki það, sem rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarkerki á aðra bifreið en til er ætlazt, skuli sæta varðhaldi eða fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða.

Breyting sú, er hér er lagt til, að gerð verði á málslíðnum, er þess efnis, að í stað þess að þar er nú gert ráð fyrir því, að beitt sé varðhalds- eða fangelsisrefsingu, þótt um fyrsta brot sé að ræða, verður það lagt á vald dómara að meta, hvort ástæða þyki til að beita varðhalds- eða fangelsisrefsingu við fyrsta brot þeirrar tegundar, er um ræðir í málslíðnum.

Eðlilegt þykir að gera þessa breytingu, m. a. vegna þess að sakir þrengsla í fangelsum landsins hefur ekki reynzt mögulegt að fullnægja öllum þeim varðhalds- og fangelsisdómum, sem upp hafa verið kveðnir fyrir þessi brot. Hefur því sá háttur verið hafður á, að breyta þeirri refsingu með náðun í sektir, er miðaðar hafa verið við efnahag sökuna. Þar sem ekki er sjáanlegt, að á þessu verði breyting bráðlega, þykir réttara, að sjálfum lögunum sé breytt til samræmis við þessa staðreynd.